



Langanesbyggð
Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

Dagsetning **22. janúar 2025**
Málsnúmer **MAR25010126**

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025, hefur atvinnumálaráðherra allt að 3.807 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 818/2024 hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Í töflunni hér að neðan má sjá úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á fiskveiðiárinu 2024/2025 og eftirstöðvar af úthlutun fyrra árs sem kemur til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðiári:

Sveitarfélag	Byggðarlag	Úthlutun 2024/2025 (t)	Eftirstöðvar af úthlutun 2023/2024 (t)	Samtals til ráðstöfunar 2024/2025 (t)
Langanesbyggð	Bakkafjörður	160	3,881	163,881
	Þórshöfn	32	0,577	32,577


Þess er óskað að sveitarstjórnir sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt þannig að ráðuneytið geti beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í byggðarlagi/byggðarlögum innan viðkomandi sveitarfélags án tafar.

Í þeim tilvikum þar sem þess er óskað að leggja fram tillögur að sérreglum er sveitarstjórn gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur til 21. febrúar n.k. Tillögur sveitarstjórna um sérstök skilyrði sem berast verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælst er með að notað verði vegna tillögu um sérreglur og vegna rökstuðning fylgir sem viðhengi.

F.h. ráðherra


Aslaug Eir Hólmgeirsdóttir



Jón Þrándur Stefánsson